



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans við Hamrahlíð

2014



© Kent Lárus Björnsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Lýsing á starfsemi skólans	4
2.1 Hlutverk	4
2.2 Umfang árið 2014	4
Nemendur	4
Starfsfólk.....	5
Húsnæði	5
Kennslustundir og áfangar	5
Fjármál	6
3. Sjálfsmat árið 2014	7
3.1 Greining tölfraðilegra gagna	7
Nýnema dagskóla	7
Árangur nýnema í fyrstu áföngum í íslensku og stærðfræði	11
Brautir dagskóla	12
Mætingar í dagskóla	13
Afföll og nýtingarhlutfall.....	14
Öldungadeild	15
3.2 Kannanir	16
Móttaka nýnema og samstarf við forráðamenn þeirra	16
Könnun á upplifun nýnema af busaferð, busavíku og busavígslu.....	20
3.3 Áhersluverkefni	24
Vinna að endurskoðun námskrár MH.....	24
Lokaverkefni - sjálfstætt stúdentsprófsverkefni	26
Brotthvarfsverkefni – skimun nýnema	26
Umhverfismál	30
Jafnréttismál.....	30
Heilsueflandi framhaldsskóli	31
4. Samantekt og umbótaáætlun	32
Umbótaáætlun 2015.....	34
5. Lokaorð	34
6. Myndaskrá:	35
7. Töfluskrá:	35

1. Inngangur

Eins og undanfarin ár hefur endurskoðun námskrár vegna framhaldsskólalaga frá 2008 tekið mest af tíma starfsmanna sem ætlaður er í þróun og sjálfsmat. Fellur það vel að leið skólans að sjálfsmati sem kölluð er valdeflingarleið (empowerment evaluation). Í skólanum er rík hefð fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun skólastarfsins. Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma ýmsir aðilar innan skólans s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar og nemendur. Umsjón með sjálfsmati hefur Sigurborg Matthíasdóttir konrektor ásamt sjálfsmatsnefnd skólans.

Í skólasamningi 2013 – 2016 eru taldar upp helstu áherslur og markmið á samningstímanum en þau sem við leggjum áherslu á í þessari sjálfsmatsskýrslu eru:

- Að setja skólanum námskrá í samræmi við framhaldsskólalögin frá 2008 og þau viðmið sem sett hafa verið fram af hálfu ráðuneytisins, halda áfram endurgerð áfanga- og námsbrautalýsinga með hliðsjón af þekkingu, leikni og hæfni. Stefnt er að því að senda allar brautir nýrrar námskrár af stað í umsagna- og staðfestingarferli á vorönn 2015.
- Að efla starfendarannsóknir og sjálfsskoðun kennara og að slíkt verði þáttur í allri starfsemi frá hausti 2015.
- Að nýtingarhlutfall dagskóla verði a.m.k. 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum),
- Að reka skólann innan fjárheimilda og að ekki verði gengið meira á uppsafnaðan rekstrarafgang en svo að í lok samningstímans (í ársbyrjun 2015) nemi hann a.m.k. 2% af fjárlögum.
- Að tekin verði ákvörðun um fyrirkomulag lokaverkefnis eða sjálfstæðs stúdentsprófsverkefnis til framtíðar.
- Vinna áfram að umbótum á móttöku nýnema svo aðlögun þeirra að nýjum skóla gangi vel fyrir sig. Auka enn frekar samstarf og upplýsingagjöf til forráðamanna ólöggráða nemenda.
- Vinna áfram að því að skólinn uppfylli skilyrði grænfánaverkefnis.
- Kanna áfram fylgni grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði og gengi nýnema í þessum fögum.
- Vinna að útfærslu nýrrar listdansbrautar til stúdentsprófs og að innritað verði á listdansbraut skv. nýrri námskrá skólaárið 2014 - 2015.

2. Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Hlutverk

Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*. Í lögunum segir m.a.:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Hlutverk skólans er samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. framhaldsskólalögum frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011. Þessar brautir eru félagsfræðabraut ný námskrá, málabraut ný námskrá, náttúrufræðibraut ný námskrá, opin braut ný námskrá og samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, IB-nám (þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs). Haustið 2013 bættist við tónlistarbraut ný námskrá og haustið 2014 listdansbraut ný námskrá. Upplýsingar um uppbyggingu þessara brauta má finna á vef skólans <http://www.mh.is/namid/namsbrautir>. Einnig eru starfræktar fjórar brautir skv. *Aðalnámskrá 1999*, félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðabraut og listdansbraut til stúdentsprófs

2.2 Umfang árið 2014

Nemendur

Nemendafjöldi í dagskóla í janúar 2014 var 1183, þar af 101 nýnemi. Í september var nemendafjöldi 1217 og af þeim voru 315 nýnemar. Alls voru því innritaðir nýnemar í dagskóla þetta ár 413. Í öldungadeild voru 104 nemendur á vorönn og 51 nemandi á haustönn. Auk þess voru 49 nemendur skráðir í norsku og sænsku á vorönn og 54 á haustönn.

Skólinn er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um utanumhald og skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla. Árið 2014 voru skráðar einingar frá Listdansskóla Íslands hjá 40 nemendum á vorönn og 38 á haustönn, frá Danslistarskóla JSB voru skráðar einingar hjá 46 nemendum að vori og 66 að hausti og frá Klassíska listdansskólanum voru skráðar einingar hjá 15 nemendum að vori og 18 að hausti. Nemendur á listdansbraut MH voru 53 á vorönn og 61 á haustönn af þeim voru 3 nemendur einnig á annarri bóknámsbraut.

Útskrifaðir stúdentar voru alls 245, um vorið voru nýstúdentar 170, þar af 166 úr dagskóla og 4 úr öldungadeild. Um jól útskrifuðust 75 stúdentar, þar af 69 úr dagskóla og 6 úr öldungadeild.

Starfsfólk

Við skólann starfa 80 – 90 kennarar á hvorri önn, 3 yfirstjórnendur, 1 fjármálastjóri, 3 námstjórar (sem jafnframt eru kennarar), 1 öldungadeildarstjóri, 1 deildarstjóri sérnáms, 1 deildarstjóri IB náms, 3 námsráðgjafar þar af 1 sem einnig er kennslustjóri fatlaðra, 2 sérkennarar og táknaáhrifstúlkar, 2 bókasafnsfræðingar, 2 starfsmenn á skrifstofu, 1 og 1/2 kerfis- og tækjastjóri, 1 og 1/2 húsvörður og 10 – 12 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er um 120 að jafnaði.

Húsnæði

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38 þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd á



Miklagarði, hátíðarsal skólans. Í nýrri byggingunni eru auk þess þrjú misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Stærstu framkvæmdir við skólann þetta árið voru málun og endurnýjun gólfduka á göngum og stofum efri hæðar eldri skóla og viðgerð á sturtuklefum í líkamsræktarhúsi.

Kennslustundir og áfangar

Töflur hér fyrir neðan sýna yfirlit yfir kennda áfanga, fjölda hópa og kennslustunda annars vegar í dagskóla og hins vegar í öldungadeild. Meðalfjöldi kennslustunda í dagskóla, samkvæmt

kennsluskiptingu, var 1747,25 en 46,5 í öldungadeild. Tafla 1 og Tafla 2 sýna skiptingu milli deilda árið 2013. Árið 2012 er meðalfjöldi kennslustunda dagskóla á vor- og haustönn 1755 á viku en í öldungadeild 54,25 kennslustundir á viku.

Breytingar eru ekki miklar milli ára í dagskóla, enn þá eru þó aðhaldsaðgerðir. Í öldungadeild fækkar nemendum og þar af leiðandi heldur tímum áfram að fækka. Mikil munur er milli haust- og vorannar í öldungadeild en þá fækkar kenndum tímum um þriðjung.

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í dagskóla á viku 2014

Dagskóli	vor			haust			Meðaltal ársins		
<i>Deild</i>	<i>áfangar</i>	<i>hópar</i>	<i>tímar</i>	<i>áfangar</i>	<i>hópar</i>	<i>tímar</i>	<i>áfangar</i>	<i>hópar</i>	<i>tímar</i>
Erlend tungumál.	59	87	483	52	83	478	55,5	85	480
Íslenska, saga, samfélagsfræðagreinar, kór og myndlist.	75	107,5	608	74	120	637	74,5	114	622,5
Raungreinar, stærðfræði, líkamsrættar, skák og tölfr.	75	135	630	74	133	622	74,5	134	626
<i>Samtals</i>	<i>209</i>	<i>329,5</i>	<i>1721</i>	<i>200</i>	<i>336</i>	<i>1737</i>	<i>204,5</i>	<i>330</i>	<i>1728,5</i>
Lífsleikni, CAS og lok3v3	5	5	3	5	11	42	5	8	23,5
<i>Samtals</i>	<i>214</i>	<i>334,5</i>	<i>1724</i>	<i>205</i>	<i>347</i>	<i>1779</i>	<i>209,5</i>	<i>338</i>	<i>1752</i>

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í öldungadeild á viku 2014

Öldungadeild	vor			haust			Meðaltal ársins		
<i>Deild</i>	<i>áfangar</i>	<i>hópar</i>	<i>tímar</i>	<i>áfangar</i>	<i>hópar</i>	<i>tímar</i>	<i>áfangar</i>	<i>hópar</i>	<i>tímar</i>
Erlend tungumál.	8	6,5	19,5	4	2,5	7,5	6	4,5	13,5
Íslenska, saga, samfélagsfræðagreinar, kór og myndlist.	7	5,5	16,5	4	2,5	7,5	5,5	4	14,25
Raungreinar, stærðfræði, líkamsrættar, skák og tölfr.	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<i>Samtals</i>	<i>15</i>	<i>12</i>	<i>36</i>	<i>8</i>	<i>5</i>	<i>15</i>	<i>11,5</i>	<i>8,5</i>	<i>25,5</i>

Fjármál

Rekstrarniðurstaða ársins 2014 var jákvæð um 10,9 milljónir. MH á því uppsafnaðan rekstrarafgang upp á 23,7 milljónir í árslok 2014. Í áætlun fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir rekstrarhalla upp á tæpar 3 milljónir og lækkar rekstrarafgangurinn frá fyrri árum sem því nemur.


3. Sjálfsmat árið 2014

3.1 Greining tölfraeðilegra gagna

Að venju voru framkvæmdar ýmsar gagnagreiningar á árinu. Niðurstöður gagnagreininga eru nýttar af skólastjórnendum við skipulag skólastarfs, umræðu á kennarafundum og/eða sendar deildum til umfjöllunar.

Nýnemar dagskóla


Árið 2014 var samtals 434 nýnemum boðin skólavist. Alls sóttu 168 nemendur um skólavist vorið 2014 og af þeim voru 113 teknir inn eða 67% umsækjenda. Að hausti sóttu 553 nemendur um skólavist og af þeim voru teknir inn 371 nemandi eða 67% umsækjenda. Alls sóttu 924 nemendur um MH í fyrsta eða annað val. Nemendur sem voru að koma beint úr grunnskóla og sóttu um MH sem fyrsta val eða annað val voru 648. Með MH sem fyrsta val voru 372 og var 258 eða 70% boðin skólavist. Auk þess fengu 9 nemendur sem voru með MH sem annað val skólavist eða samtals 267 nemendur beint úr grunnskóla. Teknir voru inn 54 eldri nemendur (fæddir 1997 eða fyrr) eða 37% eldri nemenda sem sóttu um skólavist það haustið.



Mynd 1. Hlutfall innritaðra nemenda eftir námsári í framhaldsskóla haustin 2013 - 2014


Eins og öll undanfarin ár var mest áhersla á að innrita nemendur sem komu beint úr grunnskóla. Árið 2014 var hlutfall grunnskólanema aðeins lægra en síðastliðin ár og hlutfall nemenda sem hafa lokið einu ári í framhaldsskóla jókst að sama skapi.

Fleiri stúlkur sækja um skólann bæði að vori og hausti. Yfir árið eru 57% umsókna frá stúlkum og 62% þeirra sem fá skólavist eru stúlkur.



Mynd 2. Umsóknir og afgreiðsla þeirra eftir kyni árið 2014

Skýringin liggur í mismunandi árangri nemenda í grunnskóla en á mynd 3 sést að meðal umsækjenda í MH eru stúlkur að meðaltali með hærri einkunn í íslensku en kynin eru með svipaða meðaleinkunn í stærðfræði við lok grunnskóla. Meðaleinkunnir umsækjenda hafa hins vegar hækkað í báðum þessum grunnfögum milli ára. Nánar er fjallað um þessi mál í sjálfsmatsskýrslu ársins 2012.




Mynd 3. Einkunnir umsækjenda úr grunnskóla í íslensku og stærðfræði haustið 2013.

Meðaltal umsækjenda í íslensku hefur hækkað um 0,24 og meðaltal í stærðfræði hefur hækkað um 0,21 frá árinu á undan. Ef þetta er skoðað eftir kynjum kemur í ljós að meðaltal karla í íslensku hefur hækkað um 0,37 frá fyrra ári en kvenna um 0,17. Í stærðfræði hefur meðaltal karla hækkað um 0,39 og kvenna um 0,14. Því virðist sem karlarnir séu að draga á konurnar í meðaleinkunnum milli ára meðal umsækjenda MH.


Flestar umsóknir grunnskólanemenda að hausti, sem hafa MH sem fyrsta eða annað val, koma úr Reykjavík eða nágrennanabyggðum eða samtals 91% .

Af þeim koma 56% umsókna frá skólum í Reykjavík og er það svipað og undanfarin ár.




Mynd 4. Lögheimili umsækjenda og innritaðra nýnema úr grunnskóla haustið 2014

Óverulegur munur er á milli þessara hópa þegar afdrif umsókna eru skoðuð. Um tveir þriðju umsókna frá öllum svæðum eru samþykktar. Þar hefur hlutfall samþykktara umsókna utan höfuðborgarsvæðis aukist úr 60% í 70% frá árinu áður.



Mynd 5. Afdrif umsókna eftir lögheimili umsækjenda úr grunnskóla haustið 2014


Af einstökum skólum komu flestar umsóknir frá Hagaskóla eða 9,7% umsókna, Réttarholtsskóla eða 7,6% og Hlíðaskóla eða 6,3% og næstir þeim koma Laugalækjarskóli og Garðaskóli með um 4%.



Mynd 6. Hlutfall umsókna eftir grunnskóla nýnema haustið 2012 til 2014

Um 56% umsókna síðastliðin tvö ár berast frá skólum í Reykjavík og rúm 30% frá skólum í nágrennasveitarfélögum. Umsóknir nemenda utan þessara svæða eru svipaðar og undanfarin ár eða um 10% en í heild má segja að fjöldi umsókna nemenda alls staðar að af landinu með háa meðaleinkunn úr grunnskóla gefi til kynna að skólinn höfði mjög vel til duglegra nemenda og er það í góðu samræmi við stefnuskrá skólans.


Meðaleinkunn nýnema MH beint úr grunnskóla haustið 2014 er 8,77 í íslensku og 8,74 í stærðfræði.



Mynd 7. Meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði meðal nýnema úr grunnskóla haustin 2009 til 2014.

Þegar meðaleinkunnir nýnema úr grunnskóla að hausti eru skoðaðar síðastliðin fjögur ár virðist sem þær séu enn að þökast upp í íslensku og stærðfræði (Mynd 7).


Dreifing einkunnna er svipuð og undanfarin ár en hlutfall þeirra sem eru með einkunn 9 og 9,5 hefur aukist um u.þ.b. 10% í báðum greinum (Mynd 8).



Mynd 8. Dreifing grunnskólalæinkunnna í íslensku og stærðfræði meðal nýnema úr grunnskóla haustin 2012 til 2014

Árangur nýnema í fyrstu áföngum í íslensku og stærðfræði


Meðaleinkunn allra nýnema í fyrsta áfanga í íslensku er 7,13 og 7,43 í stærðfræði.



Mynd 9. Meðaleinkunn nýnema í fyrstu áföngum íslensku og stærðfræði haustið 2014

Ekki var teljanlegur munur á meðaleinkunn kynja í stærðfræði úr grunnskóla en í fyrsta áfanga MH virðast karlarnir síga fram úr. Konurnar halda forskoti sínu í íslensku (sjá mynd 9).


Meðaleinkunn nýnema úr grunnskóla hefur hækkað milli ára en helst í hendur við hækkun meðaleinkunnar í fyrsta íslenskuáfanga í MH haustið 2014. Ekki er hægt að sjá greinileg merki um einkunnaverðbólgu í grunnskóla og er það í samræmi við athuganir undanfarinna ára ([sjá sjálfsmatsskýrslur 2011, 2012 og 2013](#)).



Mynd 10. Samanburður meðaleinkunna í grunnskóla og fyrsta áfanga í MH


Brautir dagskóla

Haustið 2014 var í fyrsta skipti innritað á listdansbraut samkvæmt nýrri námskrá og eru þá sex brautir kenndar skv. nýrri námskrá auk sérnáms- og IB brautar. Mynd 11 sýnir dreifingu nemenda á brautir í október 2014. Þar hefur eldri og nýrri brautum á sama sviði verið slegið saman til einföldunar.



Mynd 11. Dreifing allra dagskólanemenda á brautir haustið 2012, 2013 og 2014.


Greinilegt er að opna brautin, þ.s. nemendur geta valið sér áherslur eftir áhugasviði eða framtíðaráætlunum, hefur dregið á hefðbundnu brautirnar þrjár mála-, félagsfræði- og náttúrufræðibraut. Hjá nýnemum haustannar virðist val á opinni braut taka meira frá félagfræða- og málabraut þetta árið. (Mynd 12).



Mynd 12. Dreifing nýnema á brautir haustin 2012 og 2014


Mætingar í dagskóla

Árið 2014 er mæting að meðaltali svipuð og undanfarin ár. Sérstaklega hefur verið fylgst með breytingum á meðalmætingareinkunn og hefur hún farið frá því að vera rétt tæplega 7 árið 2003 í kringum 8 undanfarin ár (Mynd 13).



Mynd 13. Mætingar dagskólanema árið 2014

Ekki er mikill munur greinanlegur milli kynja í meðaltali fjarvistarstiga eða mætingarhlutfalli en konur eru með hærri mætingareinkunn. Þetta endurspeglast í dreifingu mætingareinkunna (Mynd 14) þ.s. sjá má að karlar eru hlutfallslega fleiri með lægri einkunnir.




Mynd 14. Dreifing mætingareinkunna eftir kynjum árið 2014

Vegna verkfalls á vorönn verður þó að taka útreikningum á mætingareinkunn árið 2014 með ákveðnum fyrirvara. Vorönnin fór úr skorðum vegna verkfalls í mars (fyrir páskaeyfi) og þegar verkfalli lauk var bætt við kennsludögum í maí. Til þess að gæta sanngirni gagnvart nemendum var ekki beitt reglu um lágmarks meðaltalseinkunn í mætingu yfir skólaárið það vor og nemendur féllu ekki heldur á önn þá um vorið.

Afföll og nýtingarhlutfall

Árið 2014 eins og önnur ár var stefnt að því að afföll úr áföngum færu ekki yfir 5% þ.e. að nýtingarhlutfall héldist í kringum 95%.



Mynd 15. Afföll í próf í dagskóla 2006 - 2014


Það hefur því miður ekki gengið eftir undanfarin tvö ár þó ekki hafi munað miklu árið 2013. Rúm 7% afföll árið 2014 skýrast þó að miklu leyti af áhrifum af verkfalli kennara sem stóð í 3 vikur vorið 2014 en þá fóru afföllin yfir 8%.

Haustið 2013 var nemendum gert að ræða við námstjóra áður en þeir sögðu sig úr áfanga og með því tókst að minnka afföll milli anna úr 5,8% í 5,4%. Þessum aðgerðum var haldið áfram árið 2014 til þess að fækka úrsögnum nemenda áður en að prófum kemur og unnið að því að fá sem flesta nemendur í próf í skráðum áföngum. Skimun á brotthvarfi nýnema gerir okkur kleift að taka markvissar á brotthvarfi nýnema. Haft er samband við foreldra þeirra nemenda sem virðast vera í brotthvarfshættu og í samráði við þá eru gerðar ráðstafanir s.s. áætlun um regluleg viðtöl og aukið aðhald náms- og starfsráðgjafa. Eins og fyrr segir er ljóst að verkfall kennara um vorið hafði mikil áhrif á úrsagnir úr áföngum. Nemendur sem ekki höfðu getað nýtt tímann á meðan á verkfalli stóð til þess að vinna sjálfstætt treystu sér margir hverjir ekki til þess að vinna upp námsefni í öllum áföngum eftir að verkfalli lauk. Því var algengara en áður að þeir segðu sig úr áföngum það vorið.

Stefnt er að því að afföll fari ekki yfir 5% þ.e. að nýting fari ekki undir 95% árið 2015.

Öldungadeild

Á vorönn 2014 tókst að halda í horfinu varðandi nemendafjölda öldungadeildar. Eins og sést á línuriti hér fyrir neðan heldur nemendum öldungadeildar áfram að fækka.



Mynd 16. Fjöldi nemenda í öldungadeild 2011 – 2014


Að hausti fór af stað umræða í þjóðfélaginu um fjárlagafrumvarp ríkistjórnarinnar og ljós stefna menntamálayfirvalda að fella niður fjárframlag ríkisins til menntunar nemenda, eldri en 24 ára, í bóknámi. Þetta meðal annars virðist hafa verið banabiti öldungadeildar skólans og innritun í kvöldskólann þetta haust var ekki svipur hjá sjón. Í framhaldi af því var, í samráði við starfsfólk og skólanefnd, tekin ákvörðun um lokun öldungadeildar. Í því tilefni skrifaði Lárus H. Bjarnason rektor á heimasíðu öldungadeildar MH þann 13. október 2014: „Nú er komið að leiðarlokum öldungadeildar Menntaskólans við Hamrahlíð. Ákveðið hefur verið að leggja deildina niður um áramótin 2014 – 2015. Ástæðurnar eru annars vegar sífellt þverrandi aðsókn og hins vegar nýleg ákvörðun yfirvalda í tengslum við fjárlagagerð næsta árs um að leggja af fjárveitingar til þeirra sem leggja stund á nám til stúdentsprófs og hafa náð 25 ára aldri. Með þessu er rekstrargrundvöllur kvöldnámsins í MH algerlega brostinn og skólanum er nauðugur einn kostur að hætta þeirri starfsemi. Stjórnendum MH þykir miður gangvart núverandi nemendum deildarinnar að þurfa að tilkynna þetta með svo knöppum fyrirvara. Ekki er útilokað að unnt verði að greiða úr málum sumra með því að bjóða þeim setu í einstaka áföngum dagskólans á komandi vorönn.“

3.2 Kannanir

Móttaka nýnema og samstarf við forráðamenn þeirra

Frá árinu 2009 hefur verið fylgst sérstaklega með viðhorfum og þátttöku foreldra nýnema við upphaf skólagöngu unglínganna þeirra (sjá fyrri sjálfsmatsskýrslur). Í heildina má segja að ekki hafi orðið miklar breytingar milli ára. Hér verða helstu niðurstöður raktar og bornar saman við niðurstöður síðasta árs.


Aðspurðir telja flestir forráðamenn að nýnemanum þeirra hafið liðið vel eða mjög vel í skólanum fyrstu vikurnar eða 95% en það er svipað og árið áður. Gleðilegt er að sjá að fleiri foreldrar meta það sem svo að nýnemanum þeirra líði mjög vel. Einungis 1%, eða eitt foreldri, telur að nýnemanum þeirra líði illa.



Mynd 17. Hvernig telur þú að MH-ingnum þínum hafi liðið fyrstu vikurnar í MH?


Sem fyrr erum við ánægð með að svo fáir foreldrar telji að nýnemanum þeirra líði illa en erum ekki ánægð með að neinn teljist til þessa hóps. Viðbrögð skólans eru að ítreka við alla foreldra að við skólann starfi náms- og starfsráðgjafar sem geti tekið á málum nemenda.

Nýnemunum hefur gengið svipað að finna sér samastað því 88% er á því að það hafi gengið vel eða mjög vel. Átak sem gert var fyrir nokkrum árum til þess að fjölga borðum á Matgarði og Miðgarði virðist ekki nægja.



Mynd 18. Hvernig hefur nýnemanum gengið að finna sér samastað í frímínútum?

Ein skýring getur verið hversu vinsæll Matgarður er í frímínútum en borð á Miðgarði á annarri hæð eru miklu minna nýtt.



Mynd 19. Hvernig hefur þér gengið að átta þig á fyrirkomulagi og stundatöflu MH-nemans þíns?

Annað sem við höfum lagt áherslu á er að kynna fyrirkomulag í MH og hvernig stundataflan er upp byggð til þess að auðvelda þeim að átta sig á hvernig lesið er úr henni.

Tæp 82% forráðamanna átta sig vel eða mjög vel á fyrirkomulagi í MH sem er ánægjuleg 18% aukning frá fyrra ári. 86% átta sig mjög vel eða vel á stundatöflunni sem er svipað og í fyrra.

Hér hefur því orðið gleðileg framför en betur má ef duga skal og við getum enn bætt okkur. Eitt af því sem við höfum gert er að senda bréf fyrr með upplýsingum um annarbyrjun til forráðamanna. Einnig hafa foreldrar nýtt sér opna viðtalstíma námstjórana áður en skóli hefst þegar opnaður hefur verið aðgangur að stundaskrá í Innu.


Smám saman fjölgar þeim foreldrum sem nýta sér heimasíðu skólans og eru það 80% í ár en voru 77% árið 2013. Þar er enn hægt að gera betur. Þeim sem hafa farið inn á heimsvæði unglingsins síns í Innu fjölgar einnig úr 44% í 58%. Könnunin er gerð þegar um 4 vikur eru liðnar af önninni og foreldrar ættu að vera farnir að fylgjast með mætingum unglingsanna sinna í meira mæli. Fáir eru hins vegar farnir að líta inn á Námsnetið á þessum tíma og virðist hafa fækkað úr 18% í 13% milli ára. Við viljum gjarnan að forráðamenn fylgist vel með verkefnaskilum og mætingum sinna nýnema frá byrjun skólagöngu og því er greinilegt að það þarf að hvetja þá til þess að fara fyrr inn í þessi kerfi.

Svipað hlutfall foreldra leitar til okkar í skólanum með einhver erindi þessar fyrstu vikur en síðastliðið haust eða 28% á móti 26% árið áður. Vonandi veit þetta á það að upplýsingastreymi frá okkur sé nægilegt og því þurfi ekki nema rúmur fjórðungur að hafa samband strax á

upphafsvikunum. Af þeim sem hafa samband veit stærstur hluti hvert þau eiga að leita eða 78%. En einn telur að honum hafi verið vísað á milli of margra aðila. Það finnst okkur vera einum of mikið og þá kemur enn og aftur til kasta betri upplýsingagjafar. Hugsanlega mætti setja tengil á heimasíðu þar sem gefnir væru upp helstu aðilar og hvaða upplýsingar eða málefni þeim til heyra. Það verður skoðað. Tveir forráðamenn telja sig ekki hafa fengið lausn á sínum málum þessarar fyrstu vikur. Einnig lýsa foreldrar yfir mikilli ánægju með kynningarkvöld fyrir foreldra og forráðamenn nýnema og fréttabréf til foreldra og forráðamanna.

Nær allir, eða 99%, þeirra sem segjast hafa leitað til skólans eru ánægðir með viðmót starfsmanna. Einungis einn er óánægður með viðmót námsráðgjafa og fjórum finnst viðmót skrifstofu einungis sæmilegt. Almennt er því fólk ánægt en það má enn gera betur

Viðmót



Mynd 20. Hvernig hefur þér fundist viðmót okkar í MH?

Að venju voru forráðamenn spurðir hvort þeir vildu benda á eitthvað sem betur mætti fara í skólanum. Nefnt var að kynna mætti betur námsfyrirkomulag skólans og að nýnemar væru meira saman í grunnfögum, bókalisti væri nákvæmari, námsbrautirnar minna ruglingslegar, reglur um áfengisnotkun og viðurlög endurskoðuð, böll væru í skólanum en ekki í íþróttahúsum eða „öldurhúsum“, hægt væri að skrá forföll yngri en 18 ára beint í Innu og að nemendur gætu metið frammistöðu kennara. Á síðasta ári kom m.a. fram ábending um að matseðill Sómalíu, matsölu nemenda, væri ekki aðgengilegur á netinu og brást matsalan hratt og vel við því. Unnið er jafnt og þétt að því að fækka þeim nemendum sem neyta áfengra drykkja fyrir böll. Ekki er leyfilegt að neyta áfengis á böllum eða í starfi tengdu skólanum en erfitt er að fylgjast með notkun utan skólans eða fyrir böll. Þar þarf átak foreldra að koma til. Sem hluti af hvatningu til þess að mæta allsgáðir á ball gefst nemendum nú kostur á að vera með í svokölluðum „edru-potti“. Þeir sem fá


nafn sitt í pottinn eiga kost á að hljóta ýmsa vinninga. Edrú-potturinn hefur verið fastur liður á böllum síðastliðin ár og ýmislegt gert til þess að hvetja nemendur til þátttöku. Þeir sem vinna að forvörnum í skólanum telja mikilvægt að litið sé svo á að það sé eðlilegt að neyta ekki áfengis þó að í framhaldsskóla sé komið.

En við fáum einnig hrós fyrir áfengisstefnu. Okkur er einnig hrósað fyrir móttöku nýnema, upplýsingagjöf til foreldra, fjölbreytt námsúrval, gott utanumhald, morgungraut, menningarlegt umhverfi og kórinn. Nýnemavika og nýnemaferð fá hrós og þar á nemendastjórn stærstan hlut að máli. Okkur til ánægju eru mjög margir sem hæla okkur fyrir kynningarkvöldið og einn nefndi líka að opna húsið fyrir grunnskólanema síðastliðið vor hafi verið sérstaklega gott hjá MH.

Könnun á upplifun nýnema af busaferð, busaviku og busavígslu

Könnunin var útbúin af Fríði Reynisdóttur náms- og starfsráðgjafa í samráði við Halldóru Björt Ewen málstofustjóra, stjórnendur, námstjóra og náms- og starfsráðgjafa. Innsláttur gagna var í höndum Guðrúnar Gunnsteinsdóttur og Önnu Kristínar Gunnarsdóttur.


Könnunin var lögð fyrir nýnema í lífsleiknitíma (LÍFS1AA03 og LIL1B24) u.þ.b. þremur vikum eftir busavígslu. Nýnemar í lífsleikni voru 260 og af þeim svöruðu 215 könnuninni (flestir þeirra sem voru mættir í tíma þá vikuna) eða 83%. Svarhlutfall eftir kynjum var alveg í samræmi við hlutfall kynja meðal nýnema.



Mynd 21. Hvað mættir þú á marga atburði í busavikunni (4 atburðir alls)?


Langflestir nýnemar eða 92% mæta á einhvern viðburð í busaviku (Mynd 21). Almennt er gleðilegt að sjá hve vel þau mæta.

Sama á við um busaferðina en þar sitja 12% heima á meðan stærsti hlutinn fer í ferðina. Eins og nýnemavikan er busaferðin hugsuð sem hluti af viðleitni okkar til þess að skapa samkennd meðal nýnema auk þess að bjóða þau velkomin. Ferðin hefst á gróðursetningu í lundi skólans við Löngubrekkur í Heiðmörk. Að því loknu var farið á Eyrarbakka og gist þar. Eldri nemendur grilla pulsir og bulsur (grænmetisulsur) og stjórna leikjum sem virkja allan hópinn. Almennt eru nýnemar ánægðir með ferðina og virðast hafa skemmt sér vel en einungis 2 nemendum leiddist í ferðinni.



Mynd 22. Hvernig fannst þér busaferðin?


Undanfarin ár hefur verið unnið að því að gera busun nýnema jákvæðari, yfirvegaðri og lausari við sull og önnur ólæti. Í ár fór busun nýnema fram áður en kennsla hófst á miðvikudagsmorgni snemma í september. Ærslahlutanum var lokið áður en kennsla hófst og að því loknu var nýnemunum boðið upp á heitan fjólubláan hafragraut með kanil (til hátíðarbrigða) áður en farið var í fyrsta tíma. Að lokinni kennslu var svo sýnd busamynd á sal og gengið að Beneventumsteini í Öskjuhlíðinni. Deginum lauk svo með busaballi um kvöldið.



Mynd 23. Mættir þú í busun MH?


Nýnemar eru duglegir að mæta og þau 12 sem ekki komu voru flest veik.

Einhver kvörtuðu þó undan því að busunin hefði verið óþarflega snemma en nemendum var gert að mæta fyrir kl. 7 þennan dag.



Mynd 24. Hvernig fannst þér busavígslan?


Í heild eru þau þökkalega ánægð með busavígsluna og stærstum hluta finnst hún ágæt eða frábær (mynd 24).



Mynd 25. Fannst þér eldri nemendur fara yfir strikið í busuninni?

Þeim sem finnst hún einungis sæmileg eða hreinlega leiðinleg hefur þó fjölgað frá því árið áður. Í ár var lögð enn meiri áhersla á það að minnka subbuskap og átök í busuninni og það gekk svo vel að þó nokkur hluti nýnema kvartar yfir því að busunin sé orðin of væg.

Einungis 1% eða 3 af þeim nemendum sem svara könnuninni finnst að eldri nemendur hafi farið yfir strikið í og er það mikil bragabót frá árinu á undan. Fleiri kvartanir frá nýnemum en áður voru vegna þess að busavígslan væri orðin of væg og erum við bara ánægð með það.



Mynd 26. Eftir busavígluna leið mér...

Rúmlega 98% busa leið vel eða sæmilega að lokinni busavíglu og hefur þeim sem líður vel fjölgað úr 53% í 80%. Um leið hefur þeim sem leið illa fækkað úr 3% í 2% eða úr 6 frá árinu áður í 3 þetta ár. Þó það séu ekki margir sem líður illa viljum við helst að öllum líði vel þennan dag sem og aðra daga.

Niðurstöður

Langstærsti hluti nýnema tekur þátt í þeim viðburðum sem boðið er upp á í nýnemaviku NFMH, taka þátt í busun og eru ánægð með nýnemaferðina. Þeim hefur þó aðeins fjölgað sem ekki mæta á neinn viðburð í fyrstu vikunni en flest þeirra taka þátt í busun og nýnemaferð.

Almennt virðast nýnemar ánægðir með móttökurnar og koma jafnframt með gagnlegar ábendingar um það sem betur mætti fara. Eitthvað finnst sumum þeirra busavíglan vera orðin róleg en það teljum við að muni breytast eftir því sem nýir siðir festa rætur og eldri siðir hverfa í gleymsku. Sérstaklega á þetta við um busavígluna sjálfa. Það er alveg ljóst að það tekur tíma að breyta siðum varðandi busun og að nýnemar eru enn að miða við sögur frá fyrri árum sem jafnvel hafa orðið ýktari með tímanum. Við stefnum áfram að því að breyta busun yfir í sull- og átakalausar viðburð.

Niðurstöður þessarar könnunar og athugasemdir verða kynntar nemendastjórn og hafðar til hliðsjónar við úrbætur varðandi busavíglu og busavíglu að ári. Samsvarandi könnun verður síðan lögð fyrir nýnema haustið 2015.

3.3 Áhersluverkefni


Vinna að endurskoðun námskrár MH

Vinna að endurskoðun og samhæfingu námsbrautar í listdansi í samræmi við kjarnaskólahlutverk MH og áherslur nýrrar námskrár var unnin og send beiðni um tilraunabraut til ráðuneytis í lok febrúar 2014. Unnin voru drög að nýrri útgáfu brautarinnar þ.s. kjarni og einingafjöldi brautarinnar var samhæfður að hluta öðrum brautum auk þess sem kjarni opinnar brautar og tónlistarbrautar var hafður til viðmiðunar. Boðið var upp á nýja útfærslu brautarinnar í forvali grunnskólanema fyrir haustið 2014 og fyrstu nemendur innritaðir um haustið. Um leið verður eldri braut smám saman aflögð. [Hér](#) má sjá yfirlit yfir skipulag nýrrar listdansbrautar. Listdansskólarnir þrír eru mislangt á veg komnir með yfirfærslu áfanga í nýja námskrá og áfram verður ýtt á og aðstoðað við það ferli. Á haustönn var unnið að skipulagningu þriggja ára hraðbrautar og er stefnt að því að bjóða upp á am.k. eina slíka braut í innritun fyrir haustið 2015.

Á heimasíðu skólans <http://www.mh.is/namid/namsbrautir> má sjá uppbyggingu allra brauta svo og námsferilsblöð þ.s. fram koma kröfur um fjölda áfanga í kjarna- og brautargreinum og þrepasetning allra kjarnaáfanga.


Gert var átak í innfærslu áfanga í námskrárgrunn ráðuneytis og er nú stærsti hluti áfanga kominn þar inn. Unnið er að því að setja brautirnar upp í námskrárgrunninn en áfram hafa ýmsir tæknilegir erfiðleikar tengdir námskrárgrunninum hægt á því ferli. Stefnt er að því að senda allar brautir nýrrar námskrár af stað í umsagna- og staðfestingarferli á vorönn 2015.

Í þessu samhengi er vert að minna á að skólinn hefur, allt frá því áfangakerfi var komið á haustið 1972, gert nemendum sem það hafa viljað kleift að útskrifast á styttri tíma en 4 árum. Við skoðun á námsframvindu útskrifaðra stúdenta á árunum 2001 til 2014 (mynd 26) sést að 31% nemenda á þessum árum útskrifast á styttri tíma en 4 árum.



Mynd 27. Hlutfall útskrifaðra dagskólanemenda 2001 - til 2014 eftir árafjölda frá grunnskólaútskrift.

Auk þess að vera einn af hornsteinum áfangakerfisins sem byggist á því að nemendur geti farið á mismunandi hraða í gegnum framhaldsskólann hefur tilkoma IB námsins sem er þriggja ára nám einnig aukið möguleika duglegra nemenda til þess að ljúka námi á skemmri tíma en fjórum árum (mynd 27).



Mynd 28. Skipting útskrifaðra IB og dagskólanemenda 2001 haust til 2014 vor eftir árafjölda frá grunnskólaútskrift.

Lokaverkefni - sjálfstætt stúdentsprófsverkefni

Verkefnið var hluti af þróun nýrra námsbrauta hér í MH. Verkefnið hefur verið val nemenda og hefur einungis verið í boði fyrir þá sem eiga eina til tvær annir eftir til stúdentsprófs eða hafa lokið 100 eldri einingum (167 f-einingum). Þeir sem lokið hafa verkefninu hafa unnið fjölbreytt og skapandi verkefni s.s. skrifað leikrit, samið tónlist og tengt við tónlistarsögu, gert sálfræðirannsókn tengda börnum, gert heimildamynd um jarðelda, tengt saman eðlisfræði og raftónlist og ritstýrt og sett upp skólablað nemenda. Frá byrjun voru skiptar skoðanir meðal kennara hvort áfanginn yrði skylduáfangi eða val hjá nemendum. Ákveðið var þegar farið var af stað með tilraunaverkefnið að sú spurning yrði borin upp á kennarafundi að undangengum umræðum. Á kennarafundi vorið 2014 var síðan eftirfarandi spurning lögð fyrir kennarafund „*Að lokaverkefni verði dregið úr grunni stúdentsprófsbrautanna og frjálst val aukist að sama skapi*“. Lokaverkefnið hefur verið áfram í boði sem valáfangi hjá öllum nemendum.

Brotthvarfsverkefni – skimun nýnema

Undanfarin tvö ár hefur skimunarpróf verið lagt fyrir nýnema Menntaskólans við Hamrahlíð. Skimunin er hluti af aðgerðum Mennta- og menningarmálaráðuneytis til að sporna gegn brotthvarfi. Tilgangur skimunarprófsins er m.a. að greina hvaða nemendur eru í brotthvarfshættu og í framhaldinu auðvelda skólanum að takast á við brotthvarf. Skimunarprófið, sem kallast *Mat á námsumhverfi framhaldsskóla*, er rafrænn spurningalisti sem metur styrkleika og veikleika nemenda og námsumhverfi þeirra. Það var þróað fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum til að auðvelda þeim að skilgreina nýnema í brotthvarfshættu út frá þekktum áhættuþáttum.

Sem fyrr var fyrirlögnin í höndum náms- og starfsráðgjafa og náði til allra nýnema MH utan nýnema IB-brautar. Ekki er heldur skimað á sérnámsbraut.


Meginþemu skimunarprófsins eru:

- Skuldbinding gagnvart námi og skóla
- Fyrri reynsla af skólagöngu
- Fjölskyldan
- Vinir

Almennt er miðað að við að þeir þættir sem mælast hærrí en 15 þarfnist nánari skoðunar.

Sjá má (mynd 26) að fjórir þættir hjá nýnemum MH skera sig frá öðrum áhættuþáttum bæði árin. Þessir þættir eru námsleg skuldbinding, námshegðun, óvissa með námsval og námserfiðleikar.

Nidurstada áhættu



A. Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla	8. Fyrri námsárangur (6)	14. Bakgrunnur nemenda (7)
1. Námsleg skuldbinding (16)	9. Námsferfiðleikar (17)	D. Vinir
2. Félagsleg skuldbinding (8)	C. Fjölskyldan	15. Skuldbinding vina til náms og skóla (3)
3. Námshegðun (22)	10. Stuðningur foreldra (8)	
4. Metnaður (1)	11. Eftirfylgni foreldra (9)	
5. Trú á eigin getu í námi (9)	12. Hvatning móður í námi (5)	
6. Óvissa með námsval (18)	13. Hvatning föður í námi (10)	
B. Fyrri reynsla af skólagöngu		
7. Skólahegðun (7)		

Mynd 29. Meðaleinkunn áhættuþátta hjá nýnemum MH árin 2013 og 2014¹

Allir snúa þeir að einhverju sem hægt er að takast á við innan skólans hjá þeim sem mælast í sérstakri áhættu.

¹ Byggt á gögnum frá Krístrúnu Birgisdóttur verkefnisstjóra brotthvarfsverkefnis og sérfræðings hjá Menntamálastofnun.

Strax eftir áramót 2013/2014 voru þeir nemendur sem voru með marga áhættuþætti og slakan árangur teknir í viðtal (sjá sjálfsmatsskýrslu árið 2013). Að lokinni vorönn 2014 var talað við þá 27 nemendur sem féllu á vorönn, en verða áfram í MH, og forráðamenn þeirra, til að skoða hvernig þeim gengur og hvernig þeir ætla að forðast endurtekið fall.

Að fenginni þessari reynslu lögðu náms- og starfsráðgjafar til að á vorönn 2015 yrði þeim nýnemum sem teljast í mestri brotthvarfshættu skylt að taka þátt í stuðningshópi undir stjórn Fríðar Reynisdóttur náms- og starfsráðgjafa. Þar verði unnið markvisst að því að styrkja námslega skuldbindingu, bæta námshegðun og takast á við námserfiðleika. Árangur af stoðhópum verður skoðaður eftir vorönn 2015.

Fjórði þátturinn þar sem áhætta mælist há hjá nýnemum MH er óvissa um námsval. Ef óvissan tengist vali á námsleið eða skóla er það skoðað í samráði við náms- og starfsráðgjafa og nemendum leiðbeint varðandi námsleiðir í öðrum skólum.


Til þess að bregðast við óöryggi nýnema varðandi val á námsleiðum og áföngum innan MH þarf samstillt átak náms- og starfsráðgjafa, lífsleikni/umsjónarkennara, námstjóra og áfangastjóra. Leggja þarf áherslu á að nýnemar fái aðstoð og ýta undir að þeir nýti sér þá aðstoð sem þeim býðst. Fylgjast þarf betur með vali nýnema eftir að formlegri lífsleikni fyrstu annar er lokið.

Mikið álag á náms- og starfsráðgjöfum vegna aðstoðar við nemendur með persónuleg vandamál hafa gert þeim erfiðara með að sinna ráðgjöf varðandi náms- og starfsval í eins miklum mæli og þær hefðu viljað. Því er kallað eftir styrk til að sinna megi betur þeim sem standa höllum fæti námslega og eru jafnvel í brotthvarfshættu. Æskilegt væri að framhaldsskólar hefðu aðgang að sálfræðingi til að aðstoða þá nemendur sem eru með geðræna kvilla eins og kvíða og þunglyndi og þurfa meðferð til að ná bata.

Þegar niðurstöður MH eru bornar saman við þá 17 skóla sem tóku þátt í skimuninni þessi tvö fyrstu ár (mynd 27) má sjá að nemendur skólans mælast í minni áhættu í öllum þáttum sem skimað er fyrir en samanburðarskólarnir. Það er gott en þar sem fjórir sambærilegir bóknámsskólar (VÍ, KVSK, MR og MA) voru ekki hluti af skimuninni þessi ár verður að skoða þá niðurstöðu með ákveðnum fyrirvara. Líklegt má telja að góð námsleg staða nemenda við

innritun skili sér í lægri áhættu gagnvart mörgum þáttum s.s. fyrri námsárangri, metnaði og skuldbindingu. Skólinn mun áfram taka þátt í þessu verkefni og nýta það til þess að minnka brotthvarf og auka markvissa aðstoð við nemendur.

Nidurstada áhættu



A. Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla	8. Fyrri námsárangur (6)	14. Bakgrunnur nemenda (7)
1. Námsleg skuldbinding (16)	9. Námserfiðleikar (17)	D. Vinir
2. Félagsleg skuldbinding (8)	C. Fjölskyldan	15. Skuldbinding vina til náms og skóla (3)
3. Námshegðun (22)	10. Stuðningur foreldra (8)	
4. Metnaður (1)	11. Eftirfylgni foreldra (9)	
5. Trú á eigin getu í námi (9)	12. Hvatning móður í námi (5)	
6. Óvissa með námsval (18)	13. Hvatning föður í námi (10)	
B. Fyrri reynsla af skólagöngu		
7. Skólahegðun (7)		

Mynd 30. Meðaleinkunn áhættuþátta hjá nýnemum MH haustið 2014 samanborið við meðaltal 17 annarra skóla.²

² Byggt á gögnum frá Krístrúnu Birgisdóttur verkefnisstjóra brotthvarfsverkefnis og sérfræðings hjá Menntamálastofnun.

Umhverfismál

Í MH er unnið eftir grænu skrefunum sjö í átt að alþjóðlegu umhverfisviðurkenningunni [Grænánaskóli](#). Markmið þess verkefnis er að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

Að þessum verkefnum er unnið í samráði við umhverfisnefnd skólans sem stýrt er af Bjarnheiði Kristinsdóttur stærðfræðikennara. Í umhverfisnefnd eru auk hennar kennarar, nemendur og ræstingarstjóri skólans. Nefndin vinnur síðan í samráði við stjórnendur.

Meðal þess sem áunnist hefur árið 2014 er bygging hjólaskýlis við skólann vorið 2014, uppsetning og kynning á sorpflokkunarkerfi haustið 2014. Hugmyndir að breytingum kvikna margar hverjar á skólaþingi á Lagningardögum þegar kennarar og nemendur setjast niður og skoða hvernig megi bæta skólastarf MH. Umhverfismál hafa verið þar til umfjöllunar og af þeim hugmyndum sem þar spretta eru valin leiðarstef umhverfisnefndar hverju sinni.

Nemendur og starfsfólk er hvatt til þess að nota umhverfisvænar leiðir til þess að fara um s.s. hjóla, ganga eða taka strætó. Þessir ferðamátar stuðla einnig að aukinni hreyfingu og styðja þannig einnig við heilsueflingu enda MH einn af heilsueflandi framhaldsskólum landsins. Finna má upplýsingar um það sem er á döfinni hjá umhverfisnefnd á hverjum tíma með því að fara á [fésbókarvegg](#) umhverfisnefndar.

Stefnt er að því að skólinn verði orðinn grænánaskóli á 50 ára afmælisári skólans árið 2016.

Jafnréttismál

Jafnréttisáætlun má nálgast á vef skólans <http://www.mh.is/static/files/jafnrettisaetlun-mh.pdf>. Jafnréttisnefnd skólans skipa Guðný Guðmundsdóttir eðlisfræðikennari, Íris Lilja Ragnarsdóttir enskukennari og Karl Jóhann Garðarsson sögukennari.

Einelti og kynferðisleg áreitni - starfsfólk

Eineltisáætlun skólans er aðgengileg á heimasíðu og um meðferð þeirra mála er vísað í þá áætlun. Unnið er að viðbragðsáætlun fyrir kynferðislega áreitni og stefnt er að því að hún liggi fyrir á næsta skólaári.

Einelti og kynferðisleg áreitni - nemendur

Eineltisáætlun skólans er aðgengileg á heimasíðu og um meðferð þeirra mála er vísað í þá áætlun. Unnið er að viðbragðsáætlun fyrir kynferðislega áreitni og stefnt er að því að hún liggi fyrir á næsta skólaári.

Stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti í MH má finna hér

<http://www.mh.is/skolinn/um-skolann/aaetlun-gegn-einelti>

Heilsueflandi framhaldsskóli



Skólinn hefur verið þátttakandi í verkefningu Heilsueflandi framhaldsskóli frá hausti 2011. Verkefningu er skipt í fjóra flokka; næringu, hreyfingu, geðrækt, lífsstíl. Veturinn 2011 – 2012 var helgaður næringu og fékk skólinn silfurverðlaun. Veturinn 2012 til 2013 var helgaður hreyfingu og fékk skólinn gullverðlaun.

Veturinn 2013 til 2014 var helgaður geðrækt. Endurnýjuð verkefnisstjórn undir forystu Fríðar Reynisdóttur setti af stað verkefni til þess að auka geðheilbrigði.

Ýmislegt var gert til þess að minna á mikilvægi geðheilbrigðis nemenda og starfsfólks. Sigrún Daníelsdóttir hélt fyrirlestur og ræddi við starfsfólk um líkamsvirðingu og fitufordóma. Hún talaði á vegum samtaka um líkamsvirðingu en hún starfar einnig hjá Landlæknisembættinu. Nemendur voru hvattir með ýmsu móti til þess að stunda heilbriggt lífni sem bætti almenna vellíðan og ekki síst geðheilbrigði.



Mynd 31. Veggspjald yfir þjónustu í nánasta umhverfi

Athyglinni var einnig beint að því að auka upplýsingagjöf til nemenda og starfsfólks um hvert skyldi leita og hvaða úrræði eru í boði. Í þeim tilgangi var sett upp stórt skilti undir fyrirsögninni þjónusta í nánasta umhverfi. Skiltið kemur frá starfshópi á vegum verkefnisins heilsuefandi skóli hjá Landlækni. Skiltið er staðsett á áberandi stað í skólanum og var útfært nánar af náms- og starfsráðgjöfum skólans. Settar voru inn viðbótarupplýsingar sem eiga að auðvelda nemendum skólans að leita sér ráða varðandi vandamál sem þarfnast úrlausnar og tengjast geðheilsu eða öðrum heilbrigðis eða félagslegum vandamálum. Skólinn fékk bronsverðlaun fyrir geðræktarverkefnið.

4. Samantekt og umbótaáætlun

Ágætlega hefur miðað í því að vinna stefnumálum skólans framgang.

- Fyrstu nemendur voru innritaðir á listdansbraut samkvæmt nýrri námskrá haustið 2014. Á nýju brautina innrituðust 5% nýnema eða 14 nemendur.
- Efling sjálfsprottinna starfendarannsóknna gengur hægt. Þar kemur helst til að vinna að nýrri námskrá tekur upp mikinn tíma í þróunarvinnu kennara.
- Ekki tókst að halda nýtingarhlutfalli áfanga yfir 95% á þessu ári (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum) og varð hlutfallið 93% að meðaltali yfir árið. Stærstan hluta þessa fráviks má rekja til verkfalls

kennara vorið 2014 þ.s. einhver hluti nemenda treysti sér ekki í próf í öllum áföngum að loknu löngu og erfiðu verkfalli.

- Tekist hefur að reka skólann innan fjárheimilda og ekki var gengið meira á uppsafnaðan rekstrarafgang en svo að í lok samningstímans (í ársbyrjun 2014) nam hann á milli 1 – 2%.
- Ákveðið var að leggja niður öldungadeild skólans um áramót 2014 og 2015.
- Ákveðið var á kennarafundi vorið 2014 að lokaverkefni verði framvegis val en ekki skylda á öllum stúdentsprófsbrautum. Fjöldi eininga í frjálsu vali eykst því sem því nemur.
- Móttaka nýnema hefur batnað og má merkja það af viðhorfum foreldra við upphaf náms unglínganna þeirra. Sú vinna heldur einnig áfram enda aukin áhersla á þátttöku foreldra í starfi framhaldskólans. Aukin áhersla á aðgengi nýnema og foreldra þeirra að námstjórum í blábyrjun haustannar hefur skilað jákvæðari viðhorfi til skólans af hendi foreldra.
- Jákvæð breyting hefur orðið á fyrirkomulagi busavísglu haustið 2014 þar sem dregið hefur úr ærslum og sóðaskap og yfirbragðið orðið jákvæðara. Þessi breyting hefur orðið í góðu samstarfi við nemendastjórn. Stefnt er að því að busavísgla verði án alls subbuskappar og ógnandi tilburða haustið 2015.
- Vinnu við að gera skólann að grænfánaskóla miðar vel áfram. Tekið hefur verið upp flokkunarkerfi fyrir pappír, plast og almennt rusl. Um leið voru ruslatunnur færðar út úr kennslustofum og komið upp flokkunarstöðvum á göngum og opnum rýmum. Stefnt er að því til framtíðar að auðvelda skolun plastíláta og athuga með flokkun á lífrænum úrgangi.
- Fyrsta hjólaskýlið við skólann var byggt í ár og vonandi fylgja fleiri á næstu árum.
- Ágætt samræmi er í fylgni einkunna frá grunnskóla í íslensku og stærðfræði og einkunna í fyrsta áfanga í MH. Sjá bls. 11
- Skólalöng - haldið var skólalöng aftur á Lagningardögum vorið 2014. Fundurinn var vel sóttur af nemendum og kennurum og mörg þörf mál rædd.
- Jafnréttisnefnd fylgist með jafnréttismálum í skólanum og semur jafnréttisáætlun hans. Áætlunin tekur bæði til nemenda og starfsmanna og er birt á heimasíðu skólans. <http://www.mh.is/skolinn/um-skolann/jafnrettisstefna>.

Umbótaáætlun 2015

- ❖ Stefnt er að því að senda allar brautir nýrrar námskrár af stað í umsagna- og staðfestingarferli á vorönn 2015. Ábyrgð: Áfangastjóri, vor 2015.
- ❖ Bæta aðstoð og upplýsingagjöf við námsval nemenda á nýjum námsbrautum. Ábyrgð: Námstjórar, vor 2015.
- ❖ Unnið verði að skipulagningu þriggja ára hraðbrautar og stefnt að því að bjóða upp á a.m.k. eina slíka braut í innritun fyrir haustið 2015. Ábyrgð: Rektor, vor 2015.
- ❖ Vinna áfram að umbótum á móttöku nýnema svo aðlögun þeirra að nýjum skóla gangi vel fyrir sig. Auka enn frekar samstarf og upplýsingagjöf til forráðamanna ólöggráða nemenda. Ábyrgð: Konrektor, haust 2015.
- ❖ Vinna að nýju fyrirkomulagi busadags. Ábyrgð: Konrektor, haust 2015.
- ❖ Vinna áfram að enduskoðun og samþæfingu námsbrautar í listdansi í samræmi við kjarnaskólahlutverk MH og áherslur nýrrar námskrár. Ábyrgð: Konrektor, vor 2016.
- ❖ Vinna að því að skólinn uppfylli skilyrði grænfánaverkefnis fyrir afmæli skólans árið 2016. Ábyrgð: Rektor, haust 2016.
- ❖ Halda nýtingarhlutfalli í kringum 95% á hverri önn (átt er við hlutfall heildareininga til prófs/námsmats hjá nemendum á móti skráðum einingum). Ábyrgð: Rektor.
- ❖ Kanna áfram fylgni grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði og gengi nýnema í þessum fögum. Ábyrgð: Konrektor, haust 2015.

5. Lokaorð

Öll starfsemi skólans miðar að því að gera góðan skóla enn betri. Starf að sjálfsmati í MH byggir á því að þeir sem eru á akrinum taki virkan þátt í að móta starfið og nauðsynlegar umbætur. Viðhorf kennara skólans til starfa að þróunarvinnu og sjálfsmati eru jákvæð og þeir eru virkir í faglegri umræðu og sjálfsskoðun. Allur meginþungi faglegrar umræðu og sjálfsmats er helgaður vinnu að nýrri námskrá. Sjálfsmatsskýrslan endurspeglar aldrei nema hluta þess starfs sem fram fer í skólanum og tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar gefur hún mynd af starfsemi skólans og sífelldri viðleitni til þess að bæta skólastarfið. Öllum sem lagt hafa hönd á plóg er þakkað fyrir gott starf í þágu skólans.

6. Myndaskrá:

Mynd 1. Hlutfall innritaðra nemenda eftir námsári í framhaldsskóla haustin 2013 - 2014.....	7
Mynd 2. Umsóknir og afgreiðsla þeirra eftir kyni árið 2014.....	8
Mynd 3. Einkunnir umsækjenda úr grunnskóla í íslensku og stærðfræði haustið 2013.....	8
Mynd 4. Lögheimili umsækjenda og innritaðra nýnema úr grunnskóla haustið 2014.....	9
Mynd 5. Afdrif umsókna eftir lögheimili umsækjenda úr grunnskóla haustið 2014.....	9
Mynd 6. Hlutfall umsókna eftir grunnskóla nýnema haustið 2012 til 2014.....	10
Mynd 7. Meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði meðal nýnema úr grunnskóla haustin 2009 til 2014.....	10
Mynd 8. Dreifing grunnskólaeinkunna í íslensku og stærðfræði meðal nýnema úr grunnskóla haustin 2012 til 2014.....	11
Mynd 9. Meðaleinkunn nýnema í fyrstu áföngum íslensku og stærðfræði haustið 2014.....	11
Mynd 10. Samanburður meðaleinkunna í grunnskóla og fyrsta áfanga í MH.....	12
Mynd 11. Dreifing allra dagskólanemenda á brautir haustið 2012, 2013 og 2014.....	12
Mynd 12. Dreifing nýnema á brautir haustin 2012 og 2014.....	13
Mynd 13. Mætingar dagskólanema árið 2014.....	13
Mynd 14. Dreifing mætingareinkunna eftir kynjum árið 2014.....	14
Mynd 15. Afföll í próf í dagskóla 2006 - 2014.....	14
Mynd 16. Fjöldi nemenda í öldungadeild 2011 – 2014.....	15
Mynd 17. Hvernig telur þú að MH-ingnum þínum hafi liðið fyrstu vikurnar í MH?.....	17
Mynd 18. Hvernig hefur nýnemanum gengið að finna sér samastað í frímínútum?.....	17
Mynd 19. Hvernig hefur þér gengið að átta þig á fyrirkomulagi og stundatöflu MH-nemans þíns?.....	18
Mynd 20. Hvernig hefur þér fundist viðmót okkar í MH?.....	19
Mynd 21. Hvað mættir þú á marga atburði í busavíkunni (4 atburðir alls)?.....	20
Mynd 22. Hvernig fannst þér busaferðin?.....	21
Mynd 23. Mættir þú í busun MH?.....	21
Mynd 24. Hvernig fannst þér busavígslan?.....	22
Mynd 25. Fannst þér eldri nemendur fara yfir strikið í busuninni?.....	22
Mynd 26. Eftir busavígsluna leið mér.....	23
Mynd 27. Hlutfall útskrifaðra dagskólanemenda 2001 - til 2014 eftir árafjölda frá grunnskólaútskrift.....	25
Mynd 28. Skipting útskrifaðra IB og dagskólanemenda 2001 haust til 2014 vor eftir árafjölda frá grunnskólaútskrift.....	25
Mynd 29. Meðaleinkunn áhættuþátta hjá nýnemum MH árin 2013 og 2014.....	27
Mynd 30. Meðaleinkunn áhættuþátta hjá nýnemum MH haustið 2014 samanborið við meðaltal 17 annarra skóla.....	29
Mynd 31. Veggspjald yfir þjónustu í nánasta umhverfi.....	32

7. Töfluskrá:

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í dagskóla á viku 2014..... 6

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda kenndra áfanga, hópa og kennslustunda í öldungadeild á viku 2014..... 6